



## Enn og aftur óvissa um áhrif sóttvarnaraðgerða á vinnumarkað

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands er áætlað að um 200.600 manns hafi verið á vinnumarkaði í febrúar 2020, sem jafngildir 76,4% atvinnuþátttöku. Af fólki á vinnumarkaði voru um 188.300 starfandi og um 12.300 atvinnulausir og í atvinnuleit. Starfandi fólki fjölgaði um 3.600 milli ára og fjöldi atvinnulausra var óbreyttur. Hlutfall starfandi var 71,7% í febrúar og hafði minnkað um 6 prósentustig frá febrúar 2020.

### Nær stöðug þróun atvinnuþátttöku niður á við



Í apríl 2020 fór atvinnuþátttaka niður í 73,4% og hafði ekki verið lægri a.m.k. frá árinu 2003, þegar vinnumarkaðskönnunin hófst. Atvinnuþátttaka mældist meiri í maí og júní en hefur síðan minnkað og mældist 76,4% nú í febrúar, sem er þó 0,6 prósentustigum hærra en í febrúar 2020.

Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er 77,2% og hefur atvinnuþátttaka verið á nær stöðugri niðurleið frá 2017 miðað við meðaltal síðustu 12 mánaða.

### Mismunandi mælingar á atvinnuleysi

Atvinnuleysi samkvæmt mælingum Hagstofunnar var 6,1% í febrúar og hafði minnkað um 0,1 prósentustig frá febrúar 2020. Almenn atvinnuleysi skráð hjá Vinnumálastofnun var hins vegar 11,4% og hafði aukist um 6,4 prósentustig frá febrúar 2020. Því til viðbótar var atvinnuleysi vegna hlutabóta mælt sem 1,1% í febrúar. Vinnumarkaðskönnunin mælir því áfram töluvert minna atvinnuleysi en Vinnumálastofnun gerir.

Eins og oft hefur komið fram í Hagsjám eru skilgreiningar Hagstofu og Vinnumálastofnunar á atvinnuleysi mismunandi. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun höfðu alls um 29.000 einstaklingar óuppfyllta þörf fyrir atvinnu í febrúar 2021. Sá fjöldi jafngildir 13,8% af vinnuafli og mögulegu vinnuafli. Af þessum hópi voru 42,4% atvinnulausir, 15,1% tilbúnir að vinna en ekki að





leita að vinnu. 18,0% voru í vinnuleit en ekki tilbúnir að vinna og 24,5% voru starfandi en samtímis vinnulitlir og vildu vinna meira. Þessi tala Hagstofunnar um 13,8% óuppfyllta þörf fyrir atvinnu er ekki langt frá mælingu Vinnumálastofnunar á heildaratvinnuleysi í febrúar, sem var 12,5%. Samkvæmt þröngri skilgreiningu Hagstofunnar á atvinnuleysi var það hins vegar talið vera 6,1% í febrúar.

### Vinnuafslnotkun dróst mikið saman á árinu 2020

Starfandi fólki í febrúar 2021 fjölgaði um 1,9% frá febrúar 2020. Á sama tímabili styttest vinnutími um 1,6% þannig að heildarvinnustundum fjölgaði um 0,4% milli ára sem er fyrsta fjölgun heildarvinnustunda milli ára frá því í febrúar 2020.

Rétt er að taka fram að ákvæði í kjarasamningum opinberra starfsmanna um styttingu vinnutíma sem tóku gildi um áramót hafa haft áhrif á mælingu vikulegra vinnustunda í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Mældur vinnutími hefur því dregist saman vegna þessara breytinga en af hálfu Hagstofunnar eru frekari greiningar fyrirhugaðar til þess að meta þessi áhrif.


### Mikil áhrif á vinnumarkaðinn

Nú er að verða liðið eitt ár síðan Kórónuveirufaraldurinn fór að hafa veruleg áhrif á íslenskan vinnumarkað. Það á sérstaklega við um atvinnuleysið, en aðrar stærðir, eins og atvinnuþáttaka og vinnuafslnotkun, hafa einnig þróast í neikvæða átt á þessum tíma.

Skráð atvinnuleysi samkvæmt mælingum Vinnumálastofnunar lækkaði eilítið í febrúar þannig að væntingar stóðu til að atvinnuleysi hefði þegar náð hámarki og byrjað væri að sjá fyrir endann á faraldrinum. Nú er svo aftur óvissa um hversu neikvæð áhrif nýjustu takmarkanir hafa á vinnumarkaðinn.


Eitt megineinkenni íslensks vinnumarkaðar er mikill sveigjanleiki og því er hægt að vona að þróunin til betri vegar geti orðið nokkuð hröð eftir því sem árangurs bólusetninga fer að gæta á næstu mánuðum. Auknir möguleikar á opnun landsins og auknar komur ferðamanna skipta miklu máli í því sambandi.

### Mánaðarlegar mælingar á atvinnuleysi - án hlutabóta




Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild Landsb.

### ÓUPPFYLLT ÞÖRF FYRIR ATVINNU



Heimild: Hagstofa Íslands

### Atvinna og vinnutími - febrúar 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.